

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1993.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þórhildur Líndal.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 118/1990 um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna.

1. gr.

Liður 3.3 orðist svo:

**Einkennishnappar** lögreglunnar eru hringlaga, gylltir með upphleyptri mynd af merkingu „Hönd og auga“. Hnapparnir eru í tveimur stærðum. Minni gerðin er 16 mm en stærri gerðin 21 mm í þvermál.

Áfesting hnappanna er með tvennum hætti, annars vegar ísaumaðir og hins vegar pressaðir (smella). Hnappa í einkennishúfu má festa með spennum sem sveigðar eru til hliðanna, innan við svitaband húfunnar.

Hnapparnir eru tvenns konar, þannig að fingur vísi ýmist lárétt til hægri eða vinstri með þumalfingur efstan.

Hnapparnir skulu festir á einkennisfatnað, horft framan á þá, sem hér segir:

Í einfaldri töluröð skulu fingur vísa til hægri með þumalfingur efsta.

Á ermum, brjóstvösum og húfu skulu fingur vísa að miðju með þumalfingur efstan.

Á axlasprotum og smeygum skulu fingur vísa að miðju með þumalfingur aftastan.

Í tvöfaldri töluröð skulu fingur vísa að miðju með þumalfingur efstan.

2. gr.

Liður 4.1.2 orðist svo:

Í lögreglu ríkisins gildir ein númeraröð fyrir fastráðna lögreglumenn, og annast dómsmálaráðuneytið úthlutun númera. Númerið er myndað af fjórum tölustöfum, þannig að fyrstu tvær tölurnar gefa til kynna síðustu tvær tölur þess árs sem maðurinn hóf starfsferil sinn. Síðari tvær tölurnar í númerinu sýna hvar í tímaröðinni hann hóf störf á árinu, miðað við aðra lögreglumenn sem hófu störf á sama ári. Fyrir lögreglumenn sem ekki eru fastráðnir svo og héraðslögreglumenn gildir sérstök númeraröð sem mynduð er af stafnum H og hlaupandi númerum frá 001-999, miðað við upphafsdag ráðningarsamnings (H001-H999).

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 56/29. maí 1972 um lögreglumenn, sbr. og 24. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. mars 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*